

Skólanámskrá



Leikskólinn Ársalir
Sauðárkróki

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Ytri aðstæður.....	7
2.1. Yfirstjórn leikskólamála.....	7
2.2. Fræðslusvið.....	7
2.2.1. Leikskólaráðgjöf.....	7
3. Námskrá leikskóla.....	8
3.1. Forsendur skólanámskrár.....	8
3.1.1. Leikskólanám.....	8
3.1.2. Lög um leikskóla.....	10
3.1.3. Reglugerð um starfsemi leikskóla.....	11
3.1.4. Aðalnámskrá Leikskóla.....	11
3.2. Skólanámskrá.....	11
3.3. Grunnþættir menntunar.....	12
3.3.1. Læsi.....	12
3.3.2. Sjálfbærni.....	13
3.3.3. Lýðræði og mannréttindi.....	14
3.3.4. Jafnrétti.....	15
3.3.5. Heilbrigði og velferð.....	16
3.3.6. Sköpun.....	17
4. Náms svið.....	18
4.1. Læsi og samskipti.....	18
4.2. Heilbrigði og vellíðan.....	18
4.3. Sjálfbærni og vísindi.....	20

4.4.	Sköpun og menning.....	21
5.	Stefna sveitarfélagsins í leikskólamálum.....	22
5.1.	Markmið skólstarfs í Skagafirði.....	22
5.2.	Framtíðarsýn sveitarfélagsins í leikskólamálum.....	23
6.	Sérstakar áherslur í starfi Ársala.....	23
6.1.	Læsi og samskipti.....	23
6.2.	Áherslupættir.....	24
6.3.	Starfsáætlun Ársala.....	25
6.4.	Tyllidagar.....	27
7.	Leikur og leikskólastarf.....	27
7.1.	Leikskilyrði og efniviður.....	28
7.2.	Námsaðlögun.....	28
7.3.	Lífsleikni.....	28
7.4.	Tákn með tali (TMT).....	30
7.5.	Styðjandi skólafærni (SMT).....	30
8.	Daglegt líf í Ársölum.....	32
8.1.	Að koma og fara.....	32
8.2.	Fataherbergi.....	33
8.3.	Matmálstímar.....	33
8.4.	Hollusta og næring.....	33
8.5.	Hvöld.....	34
8.6.	Hreinlæti.....	34
8.7.	Frágangur og snyrtimenska.....	34
8.8.	Samverustundir.....	35
8.9.	Hópastarf.....	35

8.9.1. Elstu börnin.....	35
8.9.2. Könnunarleikur (heuristic play with objects).....	36
8.10. Útivera.....	36
8.11. Vettvangsferðir.....	36
9. Samstarf.....	37
9.1. Foreldrasamstarf.....	37
9.1.1. Aðlögun nýrra barna.....	37
9.1.2. Dagleg samskipti.....	38
9.1.3. Trúnaður og tilkynningarskylda.....	38
9.1.4. Foreldrafundir.....	39
9.1.5. Foreldraviðtöl.....	39
9.1.6. Foreldrafélag.....	39
9.1.7. Foreldraráð.....	39
9.1.8. Opið hús.....	40
9.1.9. Mat foreldra.....	40
9.2. Samvinna við grunnskóla.....	40
9.2.1. Samvinna milli kennara leikskóla og grunnskóla.....	41
10. Stjórnun.....	41
10.1. Fundir.....	42
10.2. Boðleiðir.....	42
10.3. Samstarf.....	42
10.4. Verkaskipting og ábyrgðarsvið.....	42
10.5. Starfsmannasamtöl.....	43
11. Mat á leikskólastarfi.....	43
11.1. Mat á þroska leikskólabarna.....	44
11.2. Innra mat.....	44
11.3. Ytra mat.....	44

12.	Öryggismál.....	45
12.1.	Slys.....	45
12.2.	Áfallahjálþ.....	45
12.3.	Brunavarnir.....	45
12.4.	Eftirlit með öryggispáttum.....	46

1. Inngangur

Leikskólinn var opnaður 9. ágúst 2010. Ársalir er nú deilda leikskóli rekinn í tveimur húsum. Eldra stig stendur við Árkíl og þar eru 2 ½ - 6 ára börn, deildirnar þar heita: **Höfði, Laut, Hlíð, Skógar, Þúfa og Klettur**. Yngra stig stendur við Víðigrund og þar eru 1 - 2ja ára börn og deildirnar þar heita: **Lind, Lón og Lækur**.

Einkunnarorð Ársala eru: *vinátta – virðing – vellíðan*.

Leikskólinn er opinn frá 7:45 – 16:30 en yngra stigið lokar klukkan 16:15. Öll pláss eru seld með hádegismat og foreldrar verða að greiða fyrir hann aukalega.

Allir starfsmenn leikskólans eru bundnir þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmenn fá um barnið eru trúnaðarmál. Starfsmenn skrifa undir þagnarheit þegar þeir hefja störf í leikskólanum sem gildir einnig þegar þeir láta af störfum.

Merki leikskólans var hannað árið 2010 af Nýprent fyrir leikskólann.



2. Ytri aðstæður

2.1. Yfirstjórn leikskólamála

Til fræðsluviðs heyrja þær skólastofnanir sem Sveitarfélagið Skagafjörður rekur eitt og sér eða í samstarfi við Akrahrepp. Stofnanir þessar eru leikskólar, grunnskólar, tónlistarskóli og fræðsluþjónusta.

Fræðslustjóri er yfirmaður fræðslumála sveitarfélaganna.

Fræðsluvið myndar eina af þremur stoðum Fjölskylduþjónustu Skagfirðinga en hinar stoðirnar eru félagssvið og frístundasvið. Fræðsluvið heyrir undir fræðslunefnd.

2.2. Fræðsluvið

Verkefni fræðsluþjónustu er m.a. að veita ráðgjöf í leik-, grunn- og tónlistarskólum og skyldum stofnunum, og stuðla að þróun í skólamálum.

Starfsmenn fræðsluþjónustunnar veita aðstoð við:

- að greina námsvanda leik- og grunnskólanemenda
- athuganir og ráðgjöf vegna tilfinninga- tal- og hegðunarvanda leik- og grunnskólanemenda
- að skipuleggja og leita úrræða vegna náms og kennslu leik- og grunnskólanemenda
- skipulagningu fræðslufunda og námskeiða fyrir starfsmenn skóla og foreldrafélög, þróunarstarf skóla og aðra áætlanagerð
- Samstarf við önnur svið og stofnanir eftir þörfum

Aldrei er hafist handa við einstaklingsgreiningu nema fyrir liggja skriflegt samþykki foreldra.

2.2.1. Leikskólaráðgjöf

Á vegum fræðsluþjónustunnar er veitt ráðgjöf við að greina og leita úrræða vegna málþroskavanda, námsvanda, hegðunarvanda og tilfinningavanda leik- og grunnskólanemenda. Fræðsluþjónustan sér að hluta til um skipulagningu fræðslufunda og námskeiða fyrir starfsmenn

skóla og foreldrafélög og sér um áætlanagerð og þróunarstarf skóla í Skagafirði. Hjá sveitarfélaginu starfa ýmsir sérfræðingar s.s., sálfræðingur, kennslu- og sérkennsluráðgjafi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi, talmeinafræðingur og þroskaþjálfari.

3. Námskrá leikskóla

3.1. Forsendur skólanámskrár

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla nr. (90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögum.

Í aðalnámskrá kemur fram að sérhver leikskóli skuli móta sína eigin skólanámskrá. Þar segir enn fremur að í skólanámskrá á að gera grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

3.1.1 Leikskólanám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtinnast hjá barninu. Þessir megin þættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barnsins og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og lífsviðhorf.

Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns.

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið lærir allan tímann við mismunandi aðstæður. Í leikskóla á efniviður, skipulag og umhverfi að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, efla sjálfstæði þess og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði. Hugtökin leikur – nám – vinna þurfa að fléttast saman á ýmsan hátt. Barn lærir fyrst og fremst í leik og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að barnið öðlist öryggiskennd og geti lært og dafnað í umhverfi sínu. Barn þarf að fá að njóta sín sem einstaklingur en jafnframt að læra að vinna með öðrum, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd.

Nám í leik

Í aðalnámskrá segir að leikurinn sé aðalnámsleið barnanna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Námsvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga.

Nám í daglegu lífi

Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu og við mismunandi aðstæður læra börnin. Í fataherberginu, matartímum og á snyrtingu gefast mörg tækifæri til náms.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Börn þurfa að fá að njóta sín í samskiptum og læra að taka tillit til annarra. Sjálfsmýnd þeirra mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk. Samkennd, samvinna, tillitsemi og

ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna og þar er hinn fullorðni fyrirmynd þeirra.

Nám í skapandi umhverfi

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn þróa með sér. Umhverfi leikskólans þarf að skipuleggja þannig að það vekji forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga og gleði og efla sjálfstæði þeirra. Opnar spurningar örva rökhugsun þeirra og hvetur þau til að leita lausna. Viðfangsefni til sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, hreyfingu og dansi gefur börnum tækifæri til að fást við umhverfi sitt með fjölbreyttum efnivið og öðlast margháttða reynslu.

3.1.2. Lög um leikskóla

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla, reglugerð um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Sveitarfélög bera meginábyrgð á rekstri leikskólanna en menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins, fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Þar fer fram menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir í 2. grein að meginmarkmið með uppeldi og kennslu leikskóla eigi að vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðis þjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

3.1.3. Reglugerð um starfsemi leikskóla

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 655/2009 fjallar um þá þætti í rekstri leikskóla sem eru grunnforsendur þess að uppeldismarkmiðunum í kaflanum hér á undan verði náð. Reglugerðin tekur til ákvæða er varða:

- Skólahúsnæði, skólalóð og búnað
- Skipulag og hönnun
- Lágmarks aðstöðu
- Fjölda barna og starfsfólks
- Dvalartíma barna
- Öryggi og slysavarnir

3.1.4. Aðalnámskrá leikskóla

Menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ætlað að samræma uppeldi og menntun barna í leikskólum landsins, viðmið við mat á leikskólastarfi, tryggja gæði í leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrágerðar.

3.2. Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans. Skólanámskrá leikskóla á að taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og skal unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Skólanámskráin:

- gerir leikskólastarfið sýnilegra
- veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið

- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara
- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila

3.3. Grunnþættir menntunar

Í nýrri menntastefnu eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar. Þeir eru í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þessir grunnþættir menntunar eru **læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.**

3.3.1. Læsi

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og sú undirstaða sem öll námssviðin byggjast á. Læsi er í raun tvíþætt, annarsvegar felst það í sér að ná góðum tókum á málinu, geta lesið ritað mál og tjáð sig með rituðu máli. Hins vegar felst læsi í því að vera læs á samskipti, tilfinningar, umhverfi, aðstæður og fjölmiðla. Í Ársölum er unnið með læsi í gegnum málörvun, frjálsan leik og dagleg samskipti.

Markmið:

- Að efla málþroska barna
 - Máltjáningu, málskilning, hljóðkerfisvitund og orðaforða
- Leggja grunn að áframhaldandi lestrarnámi
- Efla sjálfsmynd barna
- Að börn verði virkir þátttakendur í samfélaginu.

Leiðir:

Til þess að ná markmiðunum er unnið markvisst með málörvun í öllu daglegu starfi. Í frjálsum leik og skipulögðu starfi er lesið, sungið og talað saman. Farið er í rímleiki, klappa atkvæði,

hlustunarleiki, spila á spil og farið með þulur. Farið er í vettvangsferðir og unnið úr þeim. Dygðirnar fléttast inn í allt starf með börnunum og til þess notum við m.a. dygðasögur og dygðabréður. Börnin fara heim með dygðabréðu og bók einu sinni á önn og foreldrar skrifa í bókina hvað barnið gerði með brúðunni heima, sem er svo lesin í samverustund daginn eftir. Þannig upplifa börnin hvernig maður færir hugsanir í orð.

Í Ársölum er unnið með Tákn með tali og eiga öll börn og kennarar sitt tákn. Við setjum tákn á daglegar athafnir og í söng. Við vinnum með SMT og þar er ritmál og myndmál fléttað saman, með myndum af reglum upp á vegg. Ritmálið er einnig gert sýnilegt með því að merkja leikfangakassa, hólfi og fleira. Verkefnastjóri námsaðlögunar skipuleggur í samráði við deildarstjóra sérstaka málörvun fyrir þau börn sem þurfa sérstaklega á því að halda. Við 5 ára aldur fara öll börn í hljóðkerfisvitundarkönnun, Hljóm 2 og út frá þeim niðurstöðum er unnið markvisst með þá færniþætti sem þarf að efla.

3.3.2. Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Nemendur þurfa að kynnast fjölbreytileika umhverfisins, komast í lifandi tengsl við það og njóta þess. Opna þarf augu nemenda fyrir fegurð umhverfisins og vekja virðingu fyrir því og ábyrgðarkennd.

Hér í Ársölum er unnið með flokkun, ræktun og endurnýtanlegan efnivið.

Markmið:

- Að nemendur þekki og skilji umhverfið og geri sér grein fyrir mikilvægieigin velferðar og annara.
- Þjálfar þarf nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum og efla áhuga og vilja til þátttöku í samfélaginu.

Leiðir til að ná markmiðum:

Hér í Ársölum er allt rusl flokkað og fer síðan á endurvinnslustöðina eða er endurnýtt hér.

Við vinnum með endurnýtanlegan efnivið í könnunarleik, fündri og frjálsum leik.

Í skólahóp eru notaðir tauklútar í stað pappírs.

Við berum virðingu fyrir umhverfinu s.s. kennum börnunum að fara vel með tréin, völlinn og leikföngin.

Við ræktum kartöflur, rababara, rifsber og sólber. Nemendur sem fara í skólahóp setja niður kartöflur að vori og taka upp á haustin. Suldað er úr berjunum.

Farið er í göngutúra til að kynnast nánasta umhverfi.

Hægt er að tengja lífsleiknina við sjálfbærni og umhverfið.

Hvernig getum við unnið betur – Hugmyndir:

- Láta nemendur flokka meira inn á deilum.
 - Hver deild fari með 2-3 börn og losi úr ruslafötunum, þannig þau læri hver ruslið fer.
 - Heimsókn á endurvinnslustöðina.
- Farið og týnt rusl í umhverfinu þegar farið er með börnin í gönguferð. Þegar þau týna rusl gera þau sér betur grein fyrir umhverfinu.
- Útikennsla, nógur efniviður á Sauðárkróki
 - Sauðáin
 - Litli-Skógur
 - Fjaran
 - Fuglalífið á Mýrunum hér í kring
 - Lóðin- norðan við húsið.

3.3.3. Lýðræði og mannréttindi

Sameiginlegur ákvarðanaréttur er grundvöllur lýðræðis, samábyrgð, meðvitund, og virkni einstaklingsins gerir hann færán um að móta samfélag sitt. Til að virkt lýðræði sé til staðar þarf að ríkja jafnrétti á milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Til að tryggja mannréttindi allra þarf

að stuðla að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun, hverskonar ofbeldi og þar með töldu einelti. Í lýðræðislegu samfélagi ber einstaklingnum að rækta það viðhorf að vera gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Markmið:

- Að börnin læri að bera virðingu og umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu. Þau læri að virða einstaklinginn eins og hann er og að skoðanir þeirra og hugmyndir hafi gildi og fái að njóta sín. Börnin öðlist færni til að móta samfélagið og lifa samkvæmt þeim viðmiðum sem þar gilda, þau öðlist sjálfstæði og læri að þekkja réttindi sín.

Leiðir:

Í daglegu starfi vinnum við markvisst með ýmsa þætti sem tengjast lýðræði og mannréttindum.

- Könnunarleikur: þar leika börnin með óhefðbundinn efnivið t.d. skyrdósir, lykla, pappakassa, keðjur, o.s.frv. og fá að njóta sín í frjálsum leik innan ákveðins ramma.
- Frjáls leikur: þar fá börnin að blanda saman efnivið á eigin forsendum.
- Útivera: þar leika börnin sér frjálst og óhindrað án stýringar.
- Matmálstímar: börnin hjálpa sér sjálf eftir þroska og getu, hjálpa hvert öðru og trufla ekki hvert annað. Við erum misfljót að borða og berum virðingu fyrir því.
- Samverustund: þar kennum við þeim að hafa hendur og fætur hjá sér og virða það pláss sem er ætlað hverjum og einum. Virða skoðanir annarra og hlusta.

Við kennum lýðræði og mannréttindi fyrst og fremst í gegnum umræður, sýnikennslu og samskipti með því að vera góðar fyrirmyndir. Vera opin fyrir því að nýta og bera til athugunar að val sé opnara og ekki alltaf fyrirfram ákveðið. Einnig skiptir miklu máli að börnin fái frjálsar hendur í sköpun með ýmsan efnivið (klippa, líma og hefta).

3.3.4. Jafnrétti

Í Ársölum er leitast við að allir séu jafnir og fái sömu tækifæri til menntunar óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, stétt, fötlun, þjóðerni, ætterni og lífsskoðunum.

Komið er til móts við þá sem eiga erfitt með að tjá sig með orðum eða hafa íslensku sem annað tungumál með því að nota *Tákn með tali*, þ.e að sett er tákn á öll orð sem tengjast daglegu starfi þar á meðal matartímann, lög og athafnir.

Í Ársölum kennum við börnunum lífsleikni og notum við 12 dygðir og tökum við fyrir 2 dygðir á hverju skólaári.

Við vinnum með lífsleiknina með t.d umræðum í samverustundum, hópastarfi, matartímum og í leik.

Einnig fara dygðarbrúður með börnunum heim einu sinni á önn.

Í gegn um lífsleiknina læra börnin t.d að sýna þolinmæði, vinsemd, samkennd, virðingu, hugrekki, hjálpsemi og kurteisi.

Út frá þessum dygðum læra börnin að hver einstaklingur skiptir máli og að allar skoðanir séu mikilvægar.

Í leikskólanum bjóðum við upp á fjölbreyttan efnivið, leikföng og verðlaust efni óháð kyni. Lögð er mikil áhersla á frjálsa leikinn og að börnin fái að njóta sín í leiknum.

Í Ársölum er starfandi verkefnastjóri námsaðlögunar sem sinnir námsaðlögum í leikskólanum. Verkefnastjórinn aðstoðar þau börn sem þurfa á einhverskonar aðstoð á að halda í samvinnu við deildarnar. Einnig erum við með mjög gott aðgengi fyrir fatlaða bæði innandyra sem utan.

Leikskólinn er fjölmenningskóli og hefur verið ákveðið að hafa fjölmenningsviku árlega þar sem börnin fá að kynna öðrum menningarheimum með það að markmiði að auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og opna hug þeirra fyrir öðrum skoðunum, hefðum og siðum.

Markmið okkar er að börnin í leikskólanum verði víðsýnir, umburðarlyndir og fordómalausir einstaklingar með sterka réttlætiskennd.

3.3.5. Heilbrigði og velferð

Í Ársölum leggjum við áherslu á það að börnin tileinki sér heilbrigða lífnaðarhætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu sem veitir þeim gleði og vellíðan.

Við leitumst við að daglegar athafnir í leikskólanum stuðli að líkamlegri og andlegri velíðan barna og góðri heilsu.

Markmið okkar er að stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Helstu þættir eru hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, félagsleg tengsl, hreinlæti og jákvæð sjálfsmynd.

Leiðir að þessum markmiðum eru að gefa börnum tækifæri á því að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagði hreyfingu.

Með hollu mataræði og umræðum um hollustu stuðlum við að heilsusamlegu fæðuvali og gefum hverju barni tíma til að nærast.

Við leggjum áherslu á að öll börn hvíli sig og við tökum tillit til hvers og eins. Við stuðlum að hreinlæti með handþvotti og umræðum um almennt hreinlæti. Við leitumst við að veita börnunum öryggi með umhyggju, föstum punktum í dagsskipulaginu og skýrum reglum samkvæmt S.M.T og með því að skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Með öllum þessum þáttum stuðlum við að jákvæðri sjálfsmynd, góðum samskiptum og andlegri vellíðan.

3.3.6. Sköpun

Inngangur:

Sköpun í sinni víðustu mynd kemur inn á alla námsþætti leikskólans og allt daglegt starf. Við leitumst við að veita börnunum sem flest tækifæri til sköpunar í daglegu starfi. Sköpun þarf að beinast að ferlinu sjálfu sem veitir ánægju og gleði sem styrkir sjálfsmund og áhuga barnanna á margvíslegan hátt.

Markmið:

Við stefum að því að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum og að skapandi starf verði uppspretta gleði og forvitni.

Markmið okkar er að byggja upp einstaklinga með sterka sjálfsmynd, frjóa hugsun og ríka félagsfærni. Einnig viljum við að allir fái tækifæri til að njóta sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.

Leiðir:

Í Ársölum fá allir tækifæri til sköpunar í frjálsum leik, tónlist, myndlist og með opinn efnivið. Í frjálsum leik skapast tækifæri til að æfa sig í samskiptum við aðra., þar styðjumst við við þá dygð sem er í gangi hverju sinni.

Tónlist í einhverju formi kemur við sögu á hverjum degi. Við syngjum og lærum lög, texta og þulur bæði í vinastund á sal og í samverustundum. Við notumst við hljóðfæri s.s. hristur, tónstafi og trommur.

Tákn með tali er meðal annars notað í söng þar sem við setjum tákn við lögin.

Við leitumst við að nota endurnýtanlegan og opinn efnivið á sem fjölbreyttastan hátt.

Sem hluti af skapandi starfi setjum við niður kartöflur að vori og tökum upp að hausti. Auk þess fer fram ýmiskonar árstíðarbundin ræktum s.s. karsafræ, sumarblóm og matjurtar- og berjatínsla af runnum leikskólalóðar.

4. Námssvið

4.1. Læsi og samskipti

Það er öllum börnum mikilvægt að eiga í góðum og jákvæðum samskiptum við aðra í umhverfi sínu og öðlast færni til að lesa í umhverfi sitt og aðstæður. Það er mikilvægt að börnin geti tjáð sig og tilfinningar sínar á margvíslegan hátt og æfi sig í félagsfærni í gegnum leik og starf. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni barna og sjálfsmynd þeirra styrkist.

Markmiðin eru að:

- Börnin öðlist færni í að lesa í tákn, aðstæður og umhverfi sitt og tilfinningar annara.
- Æfa góð samskipti á jákvæðan hátt
- Nota fjölbreyttar leiðir til að tjá sig, deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Beri virðingu fyrir menningu sinni og annarra
- Læri að hlusta og njóta, leika sér með tungumálið.
- Læri að leysa úr ágreiningsmálum á jákvæðan hátt
- Öðlist færni í að semja sögur og ljóð og átta sig á tengingu við ritmálið
- Læri fjölbreyttar leiðir til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.

Leiðir:

Í leikskólanum þarf umhverfið að vera hvetjandi með sýnilegu ritmáli og táknum s.s. Tákn með tali. Það þarf að leggja áherslu á hina ýmsu hlutverkaleiki bæði í leik og starfi sem og tungumálið, Tákn með tali, hreyfingu, tónlist, myndlist og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.

Við þurfum að bera virðingu fyrir hvert öðru þar koma inn Dygðirnar og SMT sem við leggjum áherslu á, ásamt hefðum og siðum í okkar menningu og annara. Gefa börnunum tækifæri til að leysa ágreining með eða án aðstoðar kennara, á jákvæðan hátt. Hvetja börnin til að semja sínar eigin sögur á sinn hátt með myndum, táknum eða ritun (með aðstoð kennara).

4.2. Heilbrigði og vellíðan

Í Ársölum leggjum við áherslu á að börn læri að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt matarræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Börnum er hreyfing eðlislæg og hefur í för með sér gleði og ánægju. Í frjálsum leik og hreyfingu læra börnin mest og eiga því að fá tækifæri á frjálsri sem og skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan haldast í hendur og hafa jákvæð áhrif á samskipti barna og hæfni þeirra til að takast á við lífið. Í Ársölum stuðlum við að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu, í öllu okkar daglega starfi. Umhyggja skipar stórann sess í leikskólanum og er mikilvægt að kennarar myndi náin og góð tengsl við börnin.

Markmiðin eru að:

- Veita börnunum umhyggju
- Stuðla að andlegri og líkamlegri umhirðu
- Börnin fái holla næringu
- Börnin fái tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar úti sem inni
- Börnin fái hvíld og læri að slaka á
- Börnin öðlist tilfinningalegt jafnvægi
- Börnin læri jákvæð samskipti
- Stuðla að félagslegum tengslum

Leiðir:

Í Ársölum vinnum við eftir ákveðnu dagskipulagi þar sem leitast er við að ná fram settum markmiðum hvað varðar heilbrigði og vellíðan. Við tökum hlýlega á móti börnunum á morgnana, það sama á við um kveðjustundir. Við kennum þeim hreinlætisvenjur, s.s. handþvott eftir wc ferðir, útiveru, og fyrir og eftir matartíma. Við bjóðum upp á hollt og fjölbreytt matarræði. Við sjáum til þess að börn fái hreyfingu í útiveru og skipulögðum hreyfistundum. Öllum börnum er boðið upp á hvíld/rólega stund eftir þörfum hvers og eins. Með lífsleikni læra börnin að öðlast tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti og að efla félagsleg tengsl.

4.3. Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni er að flokka endurnýtanleg efni. Rækta og nýta það sem náttúran gefur. Lifa af gæðum náttúrunnar á þess að ganga á auðlindir hennar.

Vísindi er að öðlast nýja þekkingu með því að rannsaka, leita og kryfja. Ýta ber undir vísindalega hugsun, spyrja spurninga og leita lausna.

Markmið:

Börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu í leik og starfi.

Að börnin fái tækifæri til að upplifa og rannsaka náttúruna og umhverfi sitt á sem fjölbreyttastan hátt.

Börnin læri um flokkun og endurnýtingu og allir leggja sitt af mörkum.

Leiðir:

Með því að fara í vettvangsferðir bæði úti og inni gefum við börnunum tækifæri til að upplifa náttúruna og umhverfi sitt.

Við kennum börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni með því að flokka og endurnýta þann efnivið sem til fellur.

Við hvetjum börnin til að gera tilraunir með fjölbreyttan efnivið bæði manngerðan og úr náttúrunni.

Á eldra stigi Ársala er matjurtargarður þar sem ræktaðar eru kartöflur og rabarbari. Berjarunnar eru á báðum stigum.

4.4. Sköpun og menning

Inngangur:

Sköpun og menning eru mikilvægir þættir í námi og þroska barna.

Mikilvægt er að beina athyglinni að ferlinu og upplifun barnsins við sköpunina, þar skal gera barninu kleift að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum og hvetja til skapandi og sjálfstæðara vinnubragða.

Í skapandi og menningarlegu starfi er mikilvægt að barnið fái að tjá sig frjálst og óhindrað í örvandi námsumhverfi.

Markmið:

Börn geti tjáð sig með opnun og fjölbreyttum efnivið.

Börn geti skapað og tjáð upplifun sína í s.s myndlist, tónlist, dansi, leikrænni tjáningu, söng, sögum og ævisögum.

Börn finni til gleði og ánægu yfir eigin sköpunarkrafti og fái að tjá sig í skapandi ferli frjálst og óhindrað

Börn taki virkan þátt í að mæta menningu leikskóla með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu sem er þáttur í íslensku þjóðlífi

Börn læri að upplifa ólík listform, s.s leiklist, söng og myndlist

Leiðir:

Í myndlist er lögð áhersla á að barnið fái að skapa á eigin forsendum og að þau hafi frjálsan aðgang og mismundandi efnivið.

Í frjálsum leik fá börnin tækifæri til þess að tjá upplifun sína, t.d með hlutverkaleik og einingakubbum.

Börnin fá að undirbúa og taka þátt í hátíðum sem tengjast íslensku þjóðlífi, t.d með föndri og kökubakstri fyrir jól, gerð bolluvanda fyrir öskudag o.s.frv.

Börn fá tækifæri til að upplifa ólík listform með því að fara á leiksýningar , fá Lúsiurnar í heimsókn fyrir jólin, auk tónlistarskólans.

Í Ársölum hefur skapast sú hefð að allir hittast bæði á Völlum og á Strönd í vinastund þar sem sungið er saman.

Auk þess skipuleggur hver deild á eldra stigi skemmtun tvisvar á vetri.

Hátíðir og hefðir:

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börnin kynnast og taka þátt í bæði á heimilum sínum og í leikskólanum. Þennan menningararf styður leikskólinn við og börnunum er kennt að virða hann. Það styrkir þjóðarvitund þeirra og gerir þau stolt af menningu sinni og uppruna. Í hefðum felst visst öryggi og með því að gera sér dagamun gleður það lítil hjörtu. Í Ársölum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Börnin fá fræðslu um þá hátíðar- og tyllidaga sem eru á almanakinu og hvers vegna haldið er upp á þá. Einnig er haldið upp á afmæli barnanna, þau fá afmæliskórónu, íslenski fáninn er settur á borðið þeirra, afmælissöngurinn sungin o.s.frv.

5. Stefna sveitarfélagsins í leikskólamálum

Á vegum sveitarfélagsins Skagafjarðar er til heildtæk skólastefna sem gildir fyrir alla leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla sem eru á vegum sveitarfélagsins. Með skólastefnunni hafa verið sett fram markmið með skólastarfinu sem snúa að því hvernig huga á að nemendum þessara skólastiga. Einnig hefur verið sett fram sú framtíðarsýn sem sveitarfélagið hefur í skólamálum.

5.1. Markmið skólastarfs í Skagafirði

Sett hafa verið ákveðin markmið með skólastarfi sem snúa að því hvernig búið verði að menntun nemenda á öllum þeim skólastigum sem sveitarfélagið hefur í sinni umsjón. Í öllum skólum Skagafjarðar á að hafa það að markmiði að:

- búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin
- hafa lýðræði, umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi í öllum sínum störfum
- stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers nemanda
- láta skólastarfið einkennast af gagnkvæmri virðingu og vellíðan allra
- veita nemendum jafngild tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- leggja grunninn að sjálfstæðri hugsun og samstarfshæfni nemenda

5.2. Framtíðarsýn sveitarfélagsins í skólamálum

Allir skólar í Skagafirði verði framsækin og metnaðargjörn skólasamfélög sem bjóði upp á kjörumhverfi til náms í góðu samstarfi við heimilin og grenndarsamfélagið. Þar munu nemendur öðlast þroska og fá menntun við hæfi. Nemendur verði vel undirbúnir undir framtíðina, með góðan bóklegan, verklegan og félagslegan grunn að baki sér. Skólagangan verði heildstæð og skólastig og skólagerðir tengist saman með þarfir nemenda að leiðarljósi.

Mikilvægt er að nemendur hafi gleði af náminu, beri virðingu hverjir fyrir öðrum og séu öruggir í heilbrigðu og hvetjandi skólaumhverfi. Stefnt er að því að allir skólar í Skagafirði hafi yfir að ráða hæfileikaríku og vel menntuðu starfsfólki og starfsumhverfi þeirra sé hvetjandi. Stefnt er að því að skagafirskir skólar verði til fyrirmyndar.

6. Sérstakar áherslur í starfi Ársala

6.1. Læsi og samskipti

Það er öllum börnum mikilvægt að eiga í góðum og jákvæðum samskiptum við aðra í umhverfi sínu og öðlast færni til að lesa í umhverfi sitt og aðstæður. Það er mikilvægt að börnin geti tjáð

sig og tilfinningar sínar á margvíslegan hátt og æfi sig í félagsfærni í gegnum leik og starf. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni barna og sjálfsmynd þeirra styrkist.

Markmiðin eru að:

- Öðlast færni í að lesa í tákni, aðstæður og umhverfi sitt og tilfinningar annarra.
- Æfa góð samskipti á jákvæðan hátt
- Nota fjölbreyttar leiðir til að tjá sig, deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Bera virðingu fyrir menningu sinni og annarra
- Læra að hlusta og njóta, leika sér með tungumálið.
- Læra að leysa úr ágreiningsmálum á jákvæðan hátt
- Öðlast færni í að semja sögur og ljóð og átta sig á tengingu við ritmálið
- Læra fjölbreyttar leiðir til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.

Leiðir:

Í leikskólanum þarf umhverfið að vera hvetjandi með sýnilegu ritmáli og táknum s.s. „Tákn með tali“. Það þarf að leggja áherslu á hina ýmsu hlutverkaleiki bæði í leik og starfi sem og tungumálið, Tákn með tali, hreyfingu, tónlist, myndlist og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.

Við þurfum að bera virðingu fyrir hvert öðru, þar koma Dýgðirnar inn og SMT – skólafærni sem er okkar jákvæða agastjórnunarkerfi ásamt hefðum og siðum í okkar menningu og annarra. Gefa börnunum tækifæri til að leysa ágreining með eða án aðstoðar kennara, á jákvæðan hátt. Hvetja börnin til að semja sínar eigin sögur á sinn hátt með myndum, táknum eða ritun (með aðstoð kennara).

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til í skipulagningu starfsins.

6.2. Áherslupættir

Í Ársölum er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á lífsleikni og tákni með tali með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Í Ársölum er notað SMT agastjórnunarkerfi.

6.3. Starfsáætlun Ársala

Starfsáætlun leikskólans byggir að mörgu leyti á árstíðunum og þeim hátíðar- og tyllidögum sem eru á íslenska almanakinu. Einnig byggir hún á ýmsum hefðum sem skapast hafa í leikskólasterfinu og hugað er að öllum náms- og þroskaþáttum barnanna.

Ágúst – september:

Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi í byrjun ágúst. Aðlögun nýrra barna byrjar fljótlega eftir opnun leikskólans. Starfið með börnunum byggist mikið á útiveru. Börnin fara í berjamó, fræðast um farfuglana og njóta veðurbliðunnar. Þemavinna hefst um miðjan september. Í þemavinnunni er unnið á fjölbreyttan hátt út frá öllum námssviðunum.

Rætt er um haustið og börnin safna laufblöðum og gera ýmis haustlistaverk.

Október – nóvember:

Í byrjun október kemur lögregluþjónn í heimsókn til eldri barnanna. Farið er yfir umferðarreglur og kennir hann þeim hvað þarf að varast í umferðinni.

Í október er haldinn foreldramorgunverður á eldra stigi. Þá er foreldrum boðið að koma og borða morgunverð með börnunum.

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu kemur 7. bekkur Árskóla í heimsókn og les fyrir börnin.

Síðast í nóvember er byrjað að æfa jólalög og börnin baka piparkökur sem boðið er upp á á föndurdegi foreldrafélagsins sem haldinn er í desember.

Desember:

Lögð er áhersla á að hafa desembermánuð eins rólegan og kostur er þar sem oft er mikill erill í samfélaginu þennan mánuðinn. Börnin syngja hin ýmsu jólalög og fræðast um jólasveinana og hinar ýmsu hefðir sem fylgja jólunum. Sóknarpresturinn kemur í heimsókn og segir börnunum frá

jólaguðspjallinu og kveikt er á aðventukertunum og sungið um þau. Börnin föndra einnig ýmislegt til jólanna, skreyta og hlusta á jólasögur.

Á eldra stigi er boðið upp á jólakakóhús á Völlum, þar sem börnunum er boðið upp á heitt kakó með rjóma. Á degi heilagrar Lúsíu kemur 6. bekkur Árskóla í heimsókn til okkar og syngur lög henni til heiðurs og fleiri jólalög fyrir okkur.

Litlu jólin eru ómissandi þáttur í jólaundirbúningnum. Á eldra stigi er haldið jólaball á Völlum þar sem sungið er og dansað í kringum jólatré og jólasveinar koma í heimsókn. Síðan heimsækja sveinarnir hverja deild og færa börnunum pakka. Á yngra stiginu er ekki dansað í kringum jólatré heldur fara jólasveinarnir beint inn á hverja deild fyrir sig og syngja þar og færa börnunum pakka. Í hádegismatinn er hangikjöt og laufabrauð.

Janúar – mars:

Þorranum er fagnað með þorrablóti. Börnin útbúa víkingakórónur, þorramaturinn er settur í trog og smakkað á kræsingunum.

Dagur leikskólans er 6. febrúar og þá fylkir eldra stigið liði í Skagfirðingabúð og syngur nokkur lög þar fyrir gesti og gangandi.

Bolludagur er undirbúinn með bollubakstri og börnin útbúa hvert sinn bolluvöndinn sem farið er með heim. Á bolludaginn sjálfan er boðið upp á bollur með rjóma og sultu.

Á öskudag mega börnin mæta í grímubúningum og haldið er ball og kötturinn sleginn úr tunnunni. Í mars er foreldrum aftur boðið til morgunverðar á eldra stigi.

Apríl – maí:

Vikurnar fyrir páska er páskapema þar sem föndur barnanna tengist páskum. Í maí er unnið þema um dýrin sem endar með heimsókn á sveitabæ. Sýning á verkum sem börnin hafa unnið á skólaárinu er haldin í byrjun maí í sæluviku. Í maí er haldin hátíðleg útskrift elstu barna þar sem foreldrum er boðið að vera viðstödd. Þar flytur útskriftarkór barnanna nokkur lög og leikskólastjóri afhendir börnunum skírteini og rós. Síðan er öllum boðið upp á djús og kökur inni í Skógum og Þúfu og þannig líkur formlegu starfi skólahópsins. Með hækkandi sól eykst útivera barnanna og starfið færir mikið út.

Júní – júlí:

Börnin njóta veðurbliðunnar og sólarinnar og starfið er að miklu leyti utandyra.

Litli-skógur, fjaran og umhverfið í kringum leikskólann er nýtt til fræðslu og skemmtunar og farið er í leiki og náttúruskoðunarferðir. Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa um miðjan júlí og opnar aftur um miðjan ágúst.

6.4.Tyllidagar

Ýmsir tyllidagar eru í leikskólanum og eru þeir ýmist í tengslum við atburði á almanaki og árstíðum eða í tengslum við það starf sem unnið er í leikskólanum. Þessir tyllidagar eru með fjölbreyttu sniði og sem dæmi um þá má nefna þorablót, bangsadag, leikfangadaga, litadaga, hattaball, bókaviku og fjölmeningarviku. Allir tyllidagar eru auglýstir með fyrirvara.

7. Leikur og leikskólastarf

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og meginnámsleið barnsins. Að leika sér er það sama og að læra að afla sér þekkingar. Börnin læra að tjá tilfinningar, hugmyndir sínar og reynslu í gegnum leikinn, þau læra að setja fram eigin hugmyndir og setja sig í spor annarra.

Í gegnum leikinn fá börnin meðal annars tækifæri til að:

- skapa leikinn úr eigin hugarheimi
- taka ákvarðanir á eigin forsendum
- leita lausna
- endurspeglu reynsluheim sinn
- einbeita sér
- fá útrás fyrir tilfinningar sínar
- taka tillit til annarra

- öðlast samkennd og vináttu

Í Ársölum er lögð áhersla á leikinn. Hugað er sérstaklega vel að því að börnin hafi næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum sínum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni.

Hlutverkaleikur dafnar þegar börnin ná sér í hin ýmsu föt og búninga sem leikskólinn býður upp á. Börnin verða á svipstundu mömmur, pabbar, afar, ömmur, læknar, kennarar, prinsessur og bændur svo eitthvað sé nefnt. Börnin breytast í hönnuði, verkfræðinga og smiði þegar þau byggja úr kubbum og einbeitingin eykst sem aldrei fyrr þegar þau glíma við hin fjölbreyttustu spil.

Leikurinn blómstrar einnig úti en þar gefast önnur leiktækifæri. Eins og gefur að skilja breytast leikir barnanna eftir árstíðum. Meðan snjókallagerðin og að renna sér í brekkum stendur upp úr í leikjum barnanna á veturna þá rísa upp sandkastalar á sumrin með tilheyrandi sandkökum frá upprennandi bakameisturum. En það sem skiptir mestu máli er að hvert barn fái að njóta sín í leik á eigin forsendum.

7.1. Leikskilyrði og efniviður

Skipulag og umhverfi leikskólans hefur áhrif á leik barna. Efniviður þarf að vera fjölbreyttur og höfða til barna á öllum aldri og örva börnin til rannsókna og kannana. Í Ársölum er hugað að því að börnunum sé gefinn góður og samfelldur tími til að leika sér. Þannig hafa börnin tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka. Miðað er að því að skapa leikaðstæður sem bestar og fjölbreyttastar fyrir börnin svo margvíslegur leikur fái notið sín og örvi ímyndunarafl barnanna.

Á leikskólalóð er hægt að hvetja börnin til að rannsaka, hreyfa og tjá sig á margan hátt. Leikskólalóðir Ársala eru fjölbreyttar þar eru hólar og hæðir þar sem hægt er að hlaupa um og renna sér. Þar eru ýmiskonar leiktæki sem reyna á grófhreyfingar barnanna.

Í nær umhverfi leikskólans eru margir áhugaverðir staðir sem gaman er að heimsækja s.s. Litli skógur, fjaran og íþróttasvæðið.

7.2. Námsaðlögun

Leikskólinn er fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla. Því ber leikskólanum að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það fái notið sín í

hópi annarra barna á eigin forsendum. Leikskólanum ber að taka sérstakt tillit til barna sem eru á einhvern hátt fötluð eða eiga í tilfinningalegum eða félagslegum erfiðleikum. Þau börn þurfa gjarnan sérstaka umönnun, hjálp og þjálfun til að geta notið sín.

Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá námsaðlögun samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Meginreglan er að námsaðlögunin fari fram í hópum með öðrum börnum. Við leikskólann starfar verkefnisstjóri námsaðlögunar sem ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati námsaðlögunar í leikskólanum ásamt leikskólustjóra. Hann hefur yfirumsjón með gerð verkefna og áætlana fyrir börn sem njóta námsaðlögunar og að þeim sé boðið upp á verkefni sem hæfa getu þeirra. Ef grunur leikur á að barn þarfnist námsaðlögunar er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til er leitað til ráðgjafarþjónustu sveitarfélagsins til frekari ráðgjafar. Allt er þetta gert í samráði við foreldra barnsins sem þurfa að gefa skriflegt samþykki áður en nokkuð er gert.

7.3. Lífsleikni

Lífsleikni er færnin til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfelld lífsleikninám. Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Suma þætti sem snúa að lífsleikni er hægt að kenna börnunum með beinni kennslu eins og til dæmis að virða reglur. Aðra þætti verða börn að finna sjálf eins og hvaða viðmið og lífsgildi þau þurfa að tileinka sér og hvernig þau eigi að lifa og starfa með þeim reglum sem þau hafa þegar lært.

Lífsleikninni er fléttað saman við daglegt starf í leikskólanum. Börnin læra fljótt inn á það að ákveðnar reglur gilda í leikskólanum og þau eru yfirleitt fljót að tileinka sér þær. Þau finna öryggi í því að vita hvar mörkin liggja og skilja smám saman af hverju reglur eru viðhafðar. Í leikskólanum er útskýrt fyrir börnunum af hverju sumt má og annað ekki. Í gegnum samskipti sín við aðra læra þau ýmsar samskiptareglur og finna að það sem þau vilja að aðrir geri þeim eiga þau að gera öðrum. Mjög mikilvægt er að börnin læri fljótt að hver og einn einstaklingur er frábær eins og hann er því það er grundvallaratriði í góðum mannlegum samskiptum.

Mikilvægt er að börnin geti haft orð á því hvernig þeim líður hverju sinni. Eitt af viðfangsefnum leikskólans er að kenna börnunum að hafa orð á tilfinningum sínum þannig að þau læri að þekkja

sinn innri mann og fái skilning á því hvernig öðrum líður.

Í Ársölum er sérstaklega unnið með lífleikni í gegnum dygðir og má segja að það sé rauði þráðurinn í starfinu. Þegar börnin sýna dygðir, svo sem umburðarlyndi, kurteisi og hjálpssemi er þeim sérstaklega hrósað fyrir það og haft á orði hversu mikilvægt það sé að sína slíkar dygðir. Útskýrt er fyrir börnunum hvað þessi hugtök þýða og mikilvægi þess að hafa dygðirnar að leiðarljósi í lífinu.

7.4. Tákn með tali (TMT)

Tákn með tali er tjáningarform ætlað heyrandi fólki sem á við mál- eða talörðugleika að stríða og það er alltaf notað samhliða tali. Það byggist á samblandi af látbragði, táknum og tali. Flestir nota látbragði og náttúruleg tákn í daglegum samskiptum án þess að vera sér meðvitandi um það. Þeir kinka kolli um leið og þeir segja já, hrista höfuðið þegar þeir segja nei, vinka og segja bless o.s.frv. Við veljum að nota TMT í okkar leikskóla eins og reyndar margir aðrir leikskólar gera til að auðvelda m.a. tvítyngdum börnum að tileinka sér íslensku og gera sig skiljanleg. TMT er einnig mjög gott að nota með yngstu börnunum sem eru stutt á veg komin í máltöku. Við höfum valið að gera þetta skemmtilegt og hvert barn fær að velja sitt tákn. Starfsmenn eru heldur ekki undanskildir og þeir eiga líka sín tákn. Við val á tákni er gjarnan horft til einhvers í fari viðkomandi, einhverju sem einkennir hann/hana. Í Ársölum leggjum við áherslu á að nota tákn þegar við syngjum, borðþjónarnir okkar nota tákn þegar þeir segja hinum börnunum hvað er í matinn. Við notum tákn þegar við þökkum fyrir matinn, og þegar við bjóðum góðan daginn o.s.frv.

7.5. Styðjandi skólafærni (SMT)

Styðjandi skólafærni (SMT) er stuðningur við jákvæða hegðun. SMT byggir á hvatningu, hrósi og jákvæðum aga. Annars vegar er notuð félagsleg hvatning og hins vegar táknmyndir sem eru „brosbörn“ og teygjur. Brosbörnunum safna börnin í Laut og Höfða; deildir 3-4 ára barna, sameiginlega upp á vegg þannig að þau eru sýnileg öllum og allir sjá hvað búið er að safna mörgum brosbörnum og hvað mikið er eftir að settu marki. Viðmiðið er að hvert barn fái 1-2

brosbörn á dag meðan verið er að kenna fyrstu regluna. Eftir fyrirfram ákveðinn fjölda (fyrir alla deildina) er sameiginleg umbun. Í Hlíð og Kletti eru alla jafna ekki gefin brosbörn fram að áramótum en metið eftir áramót hvort eitthvað verður byrjað á því þá. Þetta er vegna ungs aldurs barnanna á þessum tveimur yngstu deildum eldra stigs. Þar er áherslan lögð á félagslega hvatningu; hrósað með orðum: „*Glæsilegt hjá þér, gefðu mér fimmu, klesst'ann, flott hjá þér!, dugleg (ur) að taka saman!*“ o.s.frv. Í Skógum og Þúfu; elstu og næst elstu deild leikskólans eru notaðar teygjur sem safnað er á hólk og þegar hólkurinn er fullur er sameiginleg umbun. Umbunin er eitthvað sem auðvelt er að framkvæma, kostar lítið sem ekkert og er spennandi fyrir börnin enda hafa þau tekið virkan þátt í að velja umbunina (undir handleiðslu kennara). Kennarar veita gjarnan nánari upplýsingar☺.

Fjórar reglur eru notaðar á yngra stigi og fimm á eldra stigi.

Þær fjórar reglur sem notaðar eru á yngra stigi eru:

1. **Að hafa hendur og fætur hjá sér.**
2. **Að nota inniröddina.**
3. **Að ganga inni.**
4. **Að taka saman.**

Fimmta reglan sem bætist við á eldra stigi er:

5. **Að hlusta á þann sem talar.**

Upprifjun á reglunum fimm fer fram samkvæmt tímaáætlun. Umbunarveislur eru að meðaltali einu sinni á önn. Við skráningu er skráð niður óæskileg hegðun hjá barni og hvernig brugðist var við. Lausnateymi er starfandi í Ársölum, en það mun sjá um öll erfiðari mál og meta það hvort kalla þurfi til utan að komandi sérfræðiaðstoð. Í lausnateyminu eru aðstoðarleikskólastjóri og verkefnisstjóri námsaðlögunar ásamt einum deildarstjóra á eldra stigi.

Á haustin eru rifjaðar upp og kenndar reglur og það er gert með ákveðnum hætti. Ársalir er orðinn sjálfstæður SMT-skóli sem þýðir að innleiðingarferli SMT er lokið. Skólinn þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til að geta kallast SMT-skóli. Á hverju ári þarf að fylla út

svokallaðan SET-lista en þar eru ákveðin viðmið sett fyrir því hvernig á að vinna með SMT í leikskólanum og það metið hvort skólinn stenst þessi viðmið. Það má líkja þessu við nokkurs konar innra mat á SMT-starfinu. Þá úttekt framkvæmir óháður fulltrúi líklega frá Birkilundi eða Tröllaborg og fulltrúi frá Ársölum gerir þá slíkt hið sama annað hvort í Birkilundi eða Tröllaborg. Starfrækt er SMT-teymi í leikskólanum sem í sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, þrjár fulltrúar frá eldra stigi (þ.e. einn frá hverju aldurstigi) og einn fulltrúi frá yngra stigi, samtals 6 manns.

8. Daglegt líf í Ársölum.

Venjubundnar athafnir hins daglega lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt eftir aðstæðum. Það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum.

Nám í leikskóla er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Formlega námið fer að mestu fram í þemastarfi en óformlega námið á sér stað allan daginn í leikskólanum, svo sem í gegnum leikinn og í tengslum við daglegar athafnir barnanna. Með því að hafa skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum athöfnum gefur það leikskólustarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

8.1. Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni og að því sé heilsað hlýlega með nafni svo að það finni sig velkomið í leikskólann. Börnin þurfa að upplifa öryggi og það viðmót sem börnin mæta þegar þau koma í leikskólann getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Þegar börnin fara eru þau einnig kvödd með nafni og þeim þakkað fyrir daginn. Mikilvægt er að því að börnin fari sátt heim og hlakki til að koma aftur. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgi barni sínu inn

á deildina þegar komið er og láti vita þegar barnið er sótt. Gott er að hvetja börnin til að taka undir þegar þeim er heilsað og þegar þau eru kvödd.

8.2. Fataherbergi

Í fataherberginu fer fram uppeldis- og fræðslustarf. Börnin klæða sig sjálf í og úr eftir bestu getu en fá þá hjálp sem þau þarfnast. Jafnframt þurfa þau að veга og meta í hvaða föt þau eigi að fara og í hvaða röð. Þau læra líka að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum. Þetta eflir sjálfstæði þeirra og sjálfsmýnd og hvetur þau til sjálfshjálpar. Börnunum er gefinn góður tími í fataherberginu og fylgst er með að klæðnaður þeirra sé í samræmi við veður.

8.3 Matmálstímar

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Þar gefst gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi samræðna. Kennarar matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Hvert barn hefur sitt fasta sæti. Þjónar eru valdir á hverjum degi og skiptast börnin á að vera í því hlutverki. Þjónninn leggur á borð og býður börnunum að gjöra svo vel. Á yngra stigi sækja þau einnig vagninn. Þau skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, smyrja brauðið sitt, aðstoða hvert annað og ganga frá, yngstu börnin að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir.

Börnin eru hvött til að smakka alltaf allt sem er á boðstólum en að sjálfsgöðu er það metið eftir hverjum einstaklingi hvað þeim er gefið mikið af hverju þar sem smekkur þeirra á mat er jafn mismunandi og meðal fullorðinna. Þetta er þáttur í uppeldi til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Starfsmenn nýta tækifærið við matarborðið til að ræða um matinn, hvaðan hann kemur og um hollustu hans. Börnin taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra, ganga frá sínum mataráhöldum á vagninn og þakka fyrir matinn.

8.4. Hollusta og næring

Góð næring hefur mikið að segja fyrir daglega líðan barnanna auk þess sem hún á stóran þátt í að halda þeim hraustum og heilbrigðum. Leikskólinn styðst við stefnu Lýðheilsustöðvar. Áhersla er

lögð á hollan og góðan heimilismat við hæfi barnanna þannig að þau vaxi og dafni sem best. Þar er sérstaklega hugað að fjölbreyttu fæðuvali, fiskmáltíðum, kjötmáltíðum, neyslu ávaxta og grænmetis auk vatnsdrykkju. Það á að vera eftirsóknarvert að borða hollan mat því þá líður manni vel.

8.5. Hvíld

Nægjanlegur og reglulegur svefn er öllum börnum nauðsynlegur, ekki síst fyrstu æviárin þegar vöxtur og þroski er hvað mestur. Svefn- og hvíldartímar eru nauðsynlegir í leikskólum til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna, því fara öll börn sem eru í vistun 5 tíma eða lengur í hvíld. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni.

Misjafnt er hversu mikla hvíld börnin þurfa í leikskólanum. Þau yngstu sofa meðan þau eldri eiga rólega stund og hlusta á sögu. Leikskóladagur flestra barnanna er langur og því er mikilvægt að þau fái næga hvíld svo þau hafi úthald til að takast á við daginn. Skráð er hversu lengi þau sofa þannig að foreldrar geta fylgst með því.

8.6. Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi. Börnunum er hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski jafnframt með sér heilbrigt viðhorf til sjálfs sín, líkama síns og sérstæðis. Börnin þvo sér um hendur eftir útiveru og fyrir matmálstíma. Hvert barn fær einn klút til að þvo sér um munninn eftir máltíð og einnig er fylgst með því að þau sturti niður eftir sig og þvo sér um hendur eftir salernisferðir. Bleiuskipti eru eftir þörfum, þegar börn hætta með bleiu þarf það að vera í góðri samvinnu heimilis og skóla.

8.7. Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Það eflir vitund barnanna fyrir því að hafa snyrtilegt í kringum sig á sama tíma og þau læra um þá ábyrgð sem þau bera á leikefninu sem þau hafa valið sér. Stuðlað er að því að börnin fái nægan tíma til að ganga frá eftir sig því það krefst mikillar þjálfunar að læra frágang. Lögð er áhersla á

að leikföng og annar efniviður sé aðgengilegur börnunum.

Starfsfólk skal ávallt vera til fyrirmyndar.

8.8. Samverustundir

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra og skiptast á skoðunum. Einnig gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra með því að þjálfra þau í að koma fram fyrir hópinn og sýna áhuga á því sem barnið er að gera.

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Í þeim gefst einnig tækifæri til samræðna sem byggja á opnum spurningum og börnin læra að færa rök fyrir máli sínu. Samverustundir á yngra stigi eru aðallega uppbyggðar á söng og leik.

8.9. Hópastarf

Hópastarf er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Í hópastarfinu vinna börnin saman að ákveðnum verkefnum, þannig læra þau að þekkja hvert annað og treysta og er það grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Í hópi jafnaldra öðlast börnin margþætta félagslega reynslu og fá tækifæri til að njóta sín sem einstaklingar. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri/þroska og verkefni taka mið af við hverjum aldurshóp.

Viðfangsefni í hópastarfi eru mismunandi og geta þau tekið breytingum eftir áhuga barnanna hverju sinni.

8.9.1. Elstu börnin

Unnið er sérstaklega með elstu börnin í leikskólanum og er markmiðið að börnin verði færari, bæði félagslega og námslega svo að stökkið verði ekki eins mikið þegar grunnskólaganga hefst. Unnið með ýmis verkefni sem eru undirbúningur fyrir lestrar- og stærðfræðinám, s.s. málörvunarleiki, hlustunar- og rímleiki auk þess sem unnið er með formin og tölustafi. Elstu börnin fara í heimsóknir í Árskóla þar sem þau fá tækifæri til að aðlagast umhverfi og húsnæði skólans.

8.9.2. Könnunarleikur (heuristic play with objects)

Unnið er með könnunarleik með yngstu börnunum í Ársölum og er markmiðið með honum að börnin fái útrás fyrir meðfædda forvitni, kynnist ýmsum hugtökum, efli einbeitingu og skynjun og að börnin fái tækifæri til að þroska athyglisgáfu sína.

8.10. Útivera

Útivera er stór þáttur í leikskólastarfinu. Öllum börnum er hollt að leika sér úti og styrkir útiveran þau og eflir. Auk þess eykur útivera mótstöðuafli líkamans og matarlyst barnanna. Í útivistinni fá börnin hreint og ferskt loft og mikla útrás þar sem þau geta leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Börnin leika sér frjálst í útiverunni auk þess sem kennarar bregða sér í leiki með þeim.

Leikvöllir leikskólans bjóða upp á alls kyns hreyfileiki, bæði sjálfspottna og skipulagða. Ótal tækifæri til náms gefast í útiverunni og sem dæmi um það eru náttúran, veðrið og næaumhverfi leikskólans. Útivera barnanna býður upp á fjölbreytni í leikumhverfinu og aukið rými gefst til hreyfingar. Í útiveru skapast einnig tækifæri til að leika við og mynda tengsl við yngri/eldri börn. Börn af mörgum deildum og á mismunandi aldri hittast, þau fá tækifæri til að efla með sér umhyggju, tillitsemi og samhjálpu. Útivera barnanna er háð veðri og er meiri meðal eldri barnanna. Yfir veturinn er farið sjaldnar út og styttra í einu. Yfir sumarið eykst útiveran og ýmis leikföng sem iðulega eru notuð inni eru tekin með út.

8.11. Vettvangsferðir

Börn fá snemma áhuga á sínu nánasta umhverfi og vilja gjarnan fræðast meira um það. Skoðunarferðir er farnar um nágrenni leikskólans og elstu börnin fara í heimsóknir í ýmis fyrirtæki í þeim tilgangi að víkka sjóndeildarhring þeirra. Börnunum eru einnig kenndar umferðareglur til að undirbúa þau betur undir vettvangsferðirnar sem þau fara í reglulega, íýmist í litlum eða stórum hópum. Umhverfi leikskólans er kannað, farið er á sveitabæ til að heilsa upp á dýrin og fyrirtæki eru skoðuð svo eitthvað sé nefnt. Öll börnin eru slysatryggð í þeim ferðum sem farnar eru á vegum leikskólans.

9. Samstarf

Leikskólinn á samstarf við marga aðila og mikilvægt er að það samstarf byggi á gagnkvæmri virðingu og trausti. Hér er meðal annars átt við samstarf við foreldra, aðra skóla, heilsugæslu, ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu og barnaverndaryfirvöld. Þá er oft samstarf og tengsl við ýmsar aðrar stofnanir og aðila.

9.1. Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna og leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldranna.

Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna og markmiðið með foreldrasamstarfi er að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Leikskólinn gefur út foreldrahandbók til að auðvelda foreldrum að kynnast starfsemi leikskólans. Í foreldrahandbókinni er einnig útdráttur úr námskrá leikskólans. Foreldrahandbókin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans en deildarstjóri kynnir vel fyrir foreldrum starfsemi leikskólans, húsakynni, efnivið, leiksvæði og skólanámskrá.

9.1.1. Aðlögun nýrra barna

Aðlögun barna er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan þeirra hvernig til tekst. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan

barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Aðlögun getur tekið allt að einni viku.

Á yngra stiginu þar sem öll börnin koma ný inn höfum við svokallaða þátttökuaðlögun sem felst í því að foreldrar eru með börnunum í þrjá daga en kveðja síðan og er þá reiknað með að aðlögun sé lokið. Foreldrarnir eru inni á deild með sínum börnum allan tímann, nema þegar þau sofa. Foreldrar sinna sínum börnum, skipta á þeim, gefa þeim að borða og eru til staðar. Kennarar taka að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggja daginn, setja út verkefni og skrá. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldrana og eru svo allan daginn. Einstaka börn hafa foreldra sína fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Með þessu móti er allri aðlögun lokið fyrr en ella. Eins og kennarar vita er aðlögunartíminn oft gríðarlega erfiður og reynir mikið á börnin, kennarana og foreldrana.

Hugmyndafræðin að baki þessa nýja fyrirkomulags aðlögunar er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Þegar foreldrar eru fullir þátttakendur frá fyrsta degi kynnast þeir leikskólanum og skipulagi hans mun betur og verða öruggari. Annar mikilvægur þáttur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft venskapur. Í rauninni má segja að þessi aðferð sé notuð þegar börn færast af yngra stigi yfir á eldra stig nema þá sjá kennarar af yngra stigi um aðlögunina og eru til taks fyrir börnin í 2-3 daga.

9.1.2. Dagleg samskipti

Æskilegt er að foreldrar fylgist með því sem helst hefur drifið á daga barnsins þeirra í leikskólanum og kennari þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans. Mikilvægt er að foreldrar láti kennara vita ef breytingar verða á högum barnsins þeirra og fjölskyldulífi. Leikskólinn veitir foreldrum upplýsingar og fræðslu um leikskólastarfið með daglegum upplýsingum á upplýsingatöflu, á foreldrafundum og á heimasíðu.

9.1.3. Trúnaður og tilkynningaskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í

starfi sínu. Allir starfsmenn leikskólans undirrita sérstakt eyðublað um þagnarskyldu sem helst áfram þó viðkomandi láti af störfum. Ef kennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Skagafjarðar, sbr. 13 gr. laga um málefni barna og ungmenna.

9.1.4. Foreldrafundir

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári og er hann jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Hvaða form er haft á þessum fundi getur verið breytilegt frá ári til árs. Á honum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Skólanámskrá leikskólans og aðrar áætlanir eru kynntar og ræddar og skipst á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

9.1.5 Foreldraviðtöl

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar veita foreldrum einkasamtal einu sinni á ári eða oftari ef þörf krefur. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni þess og þroska í leik og starfi í barnahópnum. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.

9.1.6 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Í stjórn foreldrafélagsins er einn fulltrúi og einn varafulltrúi af hverri deild, aðstoðarleikskólastjóri er fulltrúi leikskólans. Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg og stendur félagið fyrir ýmsum upptökum fyrir börn og foreldra. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins.

9.1.7. Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskólann og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu um ráðið. Í foreldraráði sitja þrír foreldrar og leikskólastjóri. Kosning til foreldraráðs skal fara fram í september ár hvert og kosið til eins árs í senn. Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til leikskólans og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Ráðið kemur á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og fræðslunefndar. Ráðið starfar með leikskólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans.

9.1.8. Opið hús

Foreldrum og aðstandendum barnanna er boðið í sérstakar heimsóknir í leikskólann. Morgunverður með foreldrum er tvisvar á ári, þá bjóða börnin foreldrum sínum til morgunverðar í leikskólanum. Í sæluviku er myndlistarsýning þar sem afrakstur vetrarins er sýndur.

9.1.9. Mat foreldra

Foreldrum gefst kostur á að leggja mat sitt á starfsemi leikskólans og er sérstakur spurningarlisti ætlaður til þess. Listinn er lagður fyrir u.þ.b. annað hvert ár. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara.

9.2. Samvinna við grunnskóla

Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Markmiðið er að auðvelda börnunum að flytjast milli skólastiga og að nám og starf barnanna sé samþætt. Sérstaklega hefur verið hugað að þessu í leikskólanum með það að leiðarljósi að auðvelda börnunum þau stóru skref sem þau stíga þegar þau fara í grunnskólann. Þetta bil er brúað með heimsóknum í almennar kennslustundir, íþróttatíma, tónmenntatíma og heimsókn í Árvist, tómstundaskóla Árskóla. Einnig taka elstu börnin þátt í ýmsum hefðum grunnskólans fara t.d. í dansmaráðon, gleðigöngu og friðargöngu.

Fyrsti bekkur grunnskólans kemur í heimsókn í leikskólann í fylgd kennara. Einnig kemur 7. bekkur á Deqi íslenskrar tungu og les fyrir leikskólabörnin, Lúsiur koma í heimsókn í desember og 10.

bekkur sýnir brot úr leikriti sínu svo eitthvað sé nefnt.

Leikskólinn fær oft nemendur úr 9. og 10. bekk til sín í starfsþjálfun en þá eru þeir nemendur í leikskólanum einu sinni í viku í u.þ.b. 1 ½ tíma í senn. Einnig stendur nemendum 10. bekkjar til boða að koma í starfskynningu að vori í einn dag.

9.2.1 Samvinna milli kennara leikskóla og grunnskóla

Kennarar á báðum skólastigum leggja metnað sinn í að hafa gott samstarf sín á milli. Upplýsingar um einstök börn fylgja þeim frá leikskóla til grunnskóla, þar á meðal Hljóm-2 sem lagt er fyrir öll fimm ára börn. Sama gildir um börn sem hafa verið í námsaðlögun í leikskóla með milligöngu fjölskylduþjónustu Skagafjarðar.

10. Stjórnun

Leikskólastjóri gegnir lykilhlutverki í þróun leikskólastarfsins. Honum ber að skapa aðstæður sem stuðla að aukinni hæfni starfsmanna og betri leikskólamenntun barnanna. Einnig ber hann ábyrgð á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntunarmálum leikskólans og sér til þess að áætlanir séu gerðar og að það fari fram reglulegt mat á starfi leikskólans.

Ársáætlun er unnin fyrir hvert leikskólaár, frá miðjum ágúst, þ.e. frá opnun eftir sumarfrí og fram að næstu sumarlokun. Í ársáætlun koma fram helstu þættir sem áætlað er að taka fyrir næsta leikskólaár. Sem dæmi um það er þemaáætlun, sérstök markmið eða áhersluþættir í starfi, foreldrafundir, starfsmannafundir og fleira. Ársáætlun er unnin eftir ákveðnu formi, því sama fyrir alla leikskóla Skagafjarðar.

Samkvæmt lögum ber leikskólastjóra að gera rekstraraðila grein fyrir starfi síðastliðins leikskólaárs. Ársskýrslan er einnig unnin eftir ákveðnu formi, því sama fyrir alla leikskóla Skagafjarðar.

10.1. Fundir

Starfsmannafundir eru fjórum sinnum á ári. Á fundunum er rætt um starfið. Gert er endurmat á starfinu og áætlanir gerðar um starfið fram í tímann.

Deildarstjórafundir eru haldnir u.þ.b. hálfsmánaðarlega. Á þeim fundum er vettvangur til að skipuleggja og samræma starf leikskólans á milli deilda. Deildarfundir eru haldnir u.þ.b. mánaðarlega. Þá er farið yfir skipulag hverrar deildar.

10.2. Boðleiðir

Leikskólastjóri kynnir sér reglulega nýjungar í starfi og miðlar þekkingu og upplýsingum til starfsmanna. Leikskólastjóri sér til þess að boðleiðir séu skýrar innan leikskólans í allar áttir. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að kynna sér það efni sem er á upplýsingatöflum leikskólans og fundargerðum starfsmanna og deildastjórafundu.

10.3. Samstarf

Leikskólastjóri stuðlar að góðu samstarfi á milli deilda leikskólans. Stuðlað er að faglegum umræðum á meðal kennara um starfshætti leikskólans sem nýtist til áframhaldandi uppbyggingar á innra starfi leikskólans.

Leikskólastjóri hugar einnig að góðu samstarfi við foreldra. Hann ber ábyrgð á samstarfi við viðkomandi grunnskóla þannig að það skapist góð tengsl milli skólastiga og samfella myndist í námi barnanna. Leikskólastjórar í Skagafirði hafa einnig gott samstarf sín á milli og hittast reglulega til að ræða faglegan og rekstrarlegan grunn í starfi hvers leikskóla og leitast við að samræma starfshætti leikskólanna eins og kostur er á.

10.4. Verkaskipting og ábyrgðarsvið

Starfsmannahópurinn sem vinnur samhent starf til árangurs kemur sér saman um verkaskiptingu innan leikskólans og skilgreinir starfshlutverk hvers og eins.

- Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, hann ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans.

- Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.
- Deildarstjóri hefur umsjón með faglegu starfi einstakrar deildar og vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Hann fylgist með velferð barnanna í samvinnu við foreldra. Deildir sjá um þvott á koddaverum, lökum, teppum, dúkkufötum og því sem til fellur á deildunum.
- Leikskólakennari tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra. Hann vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Leiðbeinandi vinnur að uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra og leikskólakennara.
- Matráður sér um alla matreiðslu og þann þvott sem snýr að öllum leikskólanum s.s. smekki, munnklúta, tuskur o.s.frv.

10.5. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl hafa farið þannig fram að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka starfsþróunarsamtöl við starfsmenn að vori. Þar er farið í væntingar starfsmanns til starfsins og framtíðarsýn. Stuðst er við ákveðna umræðupunkta sem þau samtöl byggja á: Árangur í starfi, starfsumhverfi, starfssvið og aðstæður, þróun í starfi og annað.

11. Mat á leikskólastarfi

Samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu.

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi

fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

11.1. Mat á þroska leikskólabarna

Leikskólakennarar leggja mat sitt á almennan þroska barnanna út frá þekkingu sinni, reynslu og viðmiðum við barnahópinn hverju sinni. Fylltur er út Gerd Strand listinn fyrir 4 ára börnin til að kanna almenna stöðu þeirra gagnvart jafnöldrum einnig er lögð fyrir þau framburðarathugun. Fyrir 5 ára börnin er Hljóm 2 lagt fyrir sem er greiningartæki á hljóðkerfisvitund elstu barnanna. Prófið er lagt fyrir börnin á haustin og endurtekið eftir áramótin ef þau skora lágt á því.

11.2. Innra mat

Innra mat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í innra mati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Innra matið gerir starfsmönnum auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans. Hér í Ársölum notum við matskerfið Barnið í brennidepli.

11.3. Ytra mat

Samkvæmt lögum um leikskóla lætur menntamálaráðuneytið fara fram skipulagt ytra mat á að minnsta kosti einum leikskóla á ári. Rekstraraðili leikskóla sem í þessu tilfelli er Sveitarfélagið Skagafjörður getur einnig látið framkvæma slíkt mat. Matinu er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.

12. Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barnanna sé tryggt á meðan þau dvelja í leikskólanum. Börnin eru ávallt undir eftirliti þannig að þau hvorki skaði sjálf sig né aðra. Í stórum barnahópi er þó óhjákvæmilegt að óhöpp eða jafnvel slys verði á börnunum. Börnin eru slysatryggð meðan þau eru í leikskólanum.

12.1. Slys

Ef barn slasast í leikskólanum eru foreldrar látnir vita strax. Ef vafi er á greiningu er hringt í heilsugæslu og leitað ráða. Í bráðatilfellum er hringt á sjúkrabíl eða farið með barn beint á heilsugæslu. Fyrstu viðbrögð við slysum byggja þó á þeirri þekkingu, þjálfun og reynslu sem starfsmenn hafa og því er nauðsynlegt að sú þekking sé góð. Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð.

12.2. Áfallahjálp

Börn geta fengið andlegt áfall af ýmsum orsökum, s.s. vegna ástvinamissis, breytinga á fjölskylduaðstæðum eða vegna sjúkdóms og slyss. Mjög mikilvægt er að starfsmenn fái vitneskju um hvað gerst hafi í lífi barnsins svo þeir geti brugðist rétt við og veitt barninu þann stuðning sem það þarf á að halda. Leikskólastjóri veitir leiðsögn um hvernig starfsmenn skulu bregðast við og aðstoða barnið við að vinna sig út úr áfallinu. Í leikskólanum er áfallateymi sem tekur til starfa ef börn, foreldrar, systkini eða starfsmenn falla frá. Í áfallateymi sitja leikskólastjóri og deildarstjórar.

12.3. Brunavarnir

Nauðsynlegt er að gott samstarf sé við eldvarnareftirlitið og slökkvilið um brunavarnir í leikskólanum. Leikskólinn hefur rýmingaráætlun fyrir hverja deild svo starfsmenn séu meðvitaðir um hvaða þætti ber að hafa í huga ef eldur kemur upp.

Allir starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þess að ef eldur kemur upp er forgangsatriði að

koma börnunum út úr húsi og á öruggan stað. Starfsmenn eru fræddir um neyðarútgönguleiðir, staðsetningu slökkvitækja og notkun þeirra.

Samstarf er milli slökkviliðsins og leikskólans um eldvarnir og fræðslu fyrir elstu börnin. Hún byggir á efninu um Loga og Glóð og hefur að markmiði að tryggja að eldvarnir í leikskólanum verði ávallt eins og best verður á kosið. Enn fremur að veita börnunum fyrstu fræðslu um eldvarnir og kynna fyrir þeim störf slökkviliðsmanna og búnað. Slökkviliðið kemur í heimsóknir í leikskólann þar sem farið er yfir ástand eldvarna og ræða við börnin um eldvarnir. Börnin fara í mánaðarlega eftirlitsferð um leikskólann og merkja við á gátlista hvort útiljós séu sílogandi, flóttaleiðir greiðfærar, slökkvitæki og eldvarnarteppi aðgengileg, brunaviðvörðunarkerfi í lagi, hurðapumpur virkar og ruslasöfnun í lágmarki. Leikskólastjóri er látinn vita um ástand mála og gert að ráða bót á því sem ekki er í lagi. Síðan fara börnin einnig í heimsókn á slökkvistöðina.

12.4. Eftirlit með öryggispáttum

Allur búnaður, húsnæði og lóð leikskólans er skoðað af starfsmönnum sveitarfélagsins á hverju ári og úrbætur eru gerðar eftir þörfum. Leikskólalóð er ætíð yfirfarin áður en börnin fara í útiveru.